

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Flateyrarkauptún nr. 77 24. febr. 1947, sbr. reglugerð nr. 203 28. sept. 1950 um breytingu á þeirri reglugerð.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

22. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Kaflar VIII, IX, X og XI falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að kafli XII verði kafli VIII og greinar 38—43 verði 23—29.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 203 28. sept. 1950, 2.—8. gr., reglugerð nr. 44 22. febr. 1967 og reglugerð nr. 275 5. okt. 1972, allar um beytingu á reglugerð nr. 77 24. febr. 1947.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Flateyrarkauptúns.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Flateyrarkauptúni.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.